



Ágæti nýnemi vorannar 2024 - Velkominn í MH.

Allir nýir nemendur MH eru boðaðir í skólann miðvikudaginn 3.janúar 2023, kl. 13:00 í stofu 11. Þar munið þið hitta hluta af starfsfólki skólans sem og umsjónakennarann ykkar. **Umsjónarkennarinn** mun útskýra það sem þarf til að fyrsti skóladagurinn fari sem best af stað.

Námstjórar velja áfanga á alla nýnema fyrir vorönnina miðað við stöðu í námi að lokinni haustönn 2023. Við minnum þá sem eru að koma úr MR á, að senda okkur einkunnir haustannar sem fyrst, þar sem þær eru ekki í Innu. Þær þarf að senda á konrektor@mh.is um leið og þær liggja fyrir.

Stundatöflur nemenda munu birtast í Innu um leið og þær eru tilbúnar (líklega á síðasta degi ársins), ef að skólagjöld hafa verið greidd. Ef þið þurfið einhverjar breytingar á stundatöflunum ykkar þá er tækifæri til þess á skrifstofutíma 2. janúar eða eftir kynningarfundinn 3.janúar. Þá getið þið hitt námstjóra, farið yfir það sem þið fenguð metið og breytt einhverju og skoða það sem þarf að laga. Nýnemar vorannar geta ekki óskað eftir töflubreytingu í gegnum Innu en ykkur er velkomið að koma við í skólanum eftir að skrifstofan opnar eftir áramótin eða gera breytingar á fyrirnefndum kynningarfundum. Skoðið líka vel það sem þið fenguð metið og hvaða áfanga þið eruð að fara í núna.

Áfangaframboð skólans er á heimasíðunni. Metnir áfanga ættu að birtast smá saman í Innu fram að áramótum. Ef þið þurfið að koma einhverju á framfæri til okkar fyrr, eða hafið spurningar, þá er ykkur velkomið að svara þessum pósti og við gerum okkar besta til að svara. Staða ykkar í Innu er "Biðlisti3" þar til við erum tilbúnar að breyta henni í "Innritaður". Hjá okkur stendur „Innritaður“ fyrir að vera nýnemi sem ekki kemur beint úr grunnskóla.

Greiðsluseðill ætti að birtast í heimabanka aðstandanda ykkar með sama lögheimili á næstu dögum. Greiðsluseðill fyrir greiðslu skólagjalda vorannar hljóðar upp á 12000 kr. (6000 kr. innritunargjald og 6000 kr. efnis-, pappírs- og tölvugjald). Eindaginn er 28.12 2023 og eftir hann leggst á vanskilagjald kr. 1500. Þá fylgir einnig valkvæður greiðsluseðill upp á 5000 kr. frá Nemendafélagi Menntaskólans við Hamrahlíð og 500 kr. valkvæður greiðsluseðill frá foreldrafélagi MH. Engin skylda er að vera í NFMH en við hvetjum nemendur til þess að taka virkan þátt í starfi þess, samhliða því að takast af krafti á við námið. Minnt er á ákvæði í Aðalnámskrá framhaldsskóla þar sem segir að greiðsla innritunargjalds sé endanleg staðfesting á að nemandinn þiggi skólavist og hlíti reglum skólans. Greiðsla skólagjalda er ekki endurkræf.

Ef þú af einhverjum ástæðum þiggur ekki skólavist í MH skalt þú senda póst á mh@mh.is eða láta vita á skrifstofu skólans sem allra fyrst.

Við bíðum spennt eftir að hitta þig og ekki hika við að hafa samband ef eitthvað er. Kveðja, Helga Jóhannsdóttir, konrektor .

IB students will get an e-mail from the IB-coordinator with information regarding the beginning of school.